

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Eyja- og Miklaholtshreppi.

Tengivirki við Vegamót, nýtt deiliskipulag.

Hreppsnefnd Eyja- og Miklaholtshrepps samþykkti á fundi sínum 20. janúar 2022 nýtt deiliskipulag fyrir tengivirki við Vegamót.

Deiliskipulagssvæðið er í eigu Landsnets og RARIK og er um 1,0 ha að stærð. Innan svæðisins eru tengivirki, spennistöð og línumöstur auk stjórnbyggingar og fjarskiptamasturs Neyðarlínunnar. Framkvæmdin felst í niðurrifi núverandi tengivirkis en í þess stað kemur yfirbyggt tengivirki í nýju stöðvarhúsi.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Breiðabliki, 27. apríl 2022.

Eggert Kjartansson oddviti.

B-deild – Útgáfudagur: 11. maí 2022